

Jón Axel Björnsson og Sóley Eiríksdóttir.

# Stórhugur

**Myndlist**

Bragi Ásgeirsson

Það verður ekki annað sagt en að stormur í orðsins fyllstu merkingu einkenni myndsköpun þeirra hjón *Jóns Axels Björnssonar* og *Sóleyjar Eiríksdóttur* um þessar mundir.

Þau hafa lagt undir sig eystri sal Kjarvalsstaða og sýnir Sóley tíu rýmisverk í steinsteypu og ná þau yfir einn þriðja salarkynnanna, en Jón Axel sýnir fjórar myndir blandaðrar tækni olíu, járns og trés og fylla þær afgang salarkynnanna, enda tvö þeirra ein lengstu málverk, sem hér hafa sést.

Hér er þannig hraustlega staðið að verki og ekki ætlað sér af og einkum mætti ætla, að vinnubrögð Sóleyjar væru meira í ætt við karlmennsku en að þau séu tiltakanlega kvenleg.

Formin í myndum hennar eru stór og einföld og mjög í samræmi við það sem maður þekkir í list nútímans, en við þessi form hefur hún á stundum bætt einkennandi töktum sínum frá fyrri tíð, eins og augum og kíminleitum andlitum, sem eins og eiga uppruna sinn einhversstaðar úti í óræðum verundum.

Einhvern veginn virka þessi steinsteypuverk í kjarna sínum meira sem keramik en skúlptúrar, því að þau skortir einhvern frumkraft myndhöggvarans og maður óskar sér jafnvel, að þau væru smærri eða þá a.m.k. færri en markvissari í útfærslu.

En þó er ótvíræður þokki yfir sumum verkanna svo sem „Önnur kona“ (5), „Horft yfir hafið og heim“ (6) og „Varða“ (8), og þau eru um leið áleitnust.

En kannski koma þessi verk ekki nægjanlega til skila á þessum stað, því að þau virka einhvern veginn hálfutangátta og sem ókunnir gestir. Slík verk þurfa nefnilega mikla aðstoð umhverfisins til að njóta sín til fulls og fara iðulega illa í sýningarsölum nema með miklum og nákvæmum undirbúningi og hjálp sérstakrar hnitmiðaðrar lýsingar.

Myndverk Jóns Axels koma nokkuð á óvart, því að hann hefur hingað til verið þekktastur sem málari, er málar myndir sínar eins og í þrumustuði. Vissulega er þrumustuðið ekki fjarri að þessu sinni frekar en fyrri daginn, en hins vegar hefur hann fjarlægst málverkið en nálgast áferðar- og rýmishugsunina.

Þrátt fyrir að myndir hans séu tvívíðar, þá er þeim meiri upprunaleg rýmishugsun en t.d. í myndum Sóleyjar, enda er Jón Axel myndlistarmaður í húð og hár og menntaður sem slíkur.

Formið í myndunum kemur mér ekki svo mjög á óvart, en hins vegar er um mikla uppstokkun á útfærsluhugmyndum myndverka að ræða í sjálfum vinnubrögðunum og má vera, að hann hafi orðið fyrir einhverjum alveg sérstökum áhrifum í Parísardvöl sinni á sl. ári, en menn urðu fljótlega varir við nýja myndhugsun í verkum hans eftir að þaðan kom.

Ekki er gott að segja hvað fyrir Jóni Axel vakir með þessum ógnarstærðum, en þær bera vott um mikla dirfsku og jafnframt eru þær til vitnis um listamann, er vinnur framar öðru samkvæmt listrænni samvisku sinni. En þau staðfesta einnig, að myndhugsun sína sækir Jón Axel Björnsson fyrst og fremst á alþjóðlegan vettvang og á þangað brýnt erindi.

## Kammermúsikklúbbur Reykjavíkur:

# Märkl-kvartettinn í Bústaðakirkju

KAMMERMÚSÍKKLÚBBURINN heldur sína fimmtu og síðustu tónleika á starfsárinu laugardaginn 14. apríl klukkan 20.30, í Bústaðakirkju. Á tónleikunum leikur hinn frægi Märkl-kvartett frá Þýskalandi og er þetta í fimmta skipti á fjórtán árum sem kvartettinn heldur tónleika á vegum Kammermúsíkklúbbsins. Á því tímabili hafa orðið nokkur mannaskipti í kvartettinum, en þeir sem nú skipa sætin eru: Josef Märkl, sem leikur á 1. fiðlu, Key-Thomas Märkl, sem leikur á 2. fiðlu, Rüdiger Debus, lágfiðluleikari, og Guido Schiefen, knéfiðluleikari.

Fyrir þremur árum lék Märkl-kvartettinn í Bústaðakirkju fyrir Kammermúsíkklúbbinn og á efnisskránni var, meðal annars, fyrri strengjakvartett Wilhelms Kempff. Margir tónlistarunnendur þekkja hann sem stórkostlegan píanóleikara frá tónleikum hans hér á landi, en færri sem tónskáld.

Samt eru tónsmíðar hans miklar að vöxtum og fjölskrúðugar; sinfóníur, konsertar, píanóverk, óperan Midas konungur, ljóðasöngvar og kammertónlist, þar á meðal tveir strengjakvartettar. Nú gefst íslenskum tónlistarunnendum kostur á að heyra þann seinni, sem Kempff samdi eftir ferð til Parísar, þar sem hann kynntist ýmsum listamönnum, meðal annarra Alfred Corot.

Síðasti kafli verksins er tilbrigði um lag eftir franska 17. aldar tónskáldið Lully: Í skini mánans.

**Josef Märkl**, sem leikur 1. fiðlu er prófessor við Tónlistarháskólann í Köln og kennir þar fiðluleik, lágfiðluleik og samspil í strengjakvartettum. Josef Märkl nam fiðluleik í Tónlistarháskólanum í München hjá Wilhelm Stross, prófessor, sem var kunnur fiðluleikari og kennari.

Stross vann mjög að framgangi kammertónlistar og lék um langt árabil í strengjakvartetti, sem var kenndur við hann. Stross-kvartettinn fór víða um lönd og lék meðal annars hér í Reykjavík fyrir Tónlistarfélagið. Josef Märkl lék þá á 2. fiðlu í kvartettinum, en eftir fráfall Wilhelms Stross 1966 tók hann við forystu kvartettsins, sem er síðan kenndur við hann.

Í fimmtán ár lék Josef Märkl í útvarpshljómsveitinni í München, Stuttgart og Baden-Baden og var konsertmeistari í óperunni í Düsseldorf.

**Key-Thomas Märkl,** önnur fiðla, hlaut tónlistarmenntun sína heima í Þýskalandi og í Juilliardskólanum í New York og lauk þar meistaraprófi. Hann byrjaði að leika í Märkl-kvartettinum sautján ára gamall.

**Rüdiger Debus** leikur á lágfiðlu. Hann spilaði á fiðlu þegar á barnsaldri, en sneri sér síðan að lágfiðluleik og stundaði nám í þeirri grein í Lübeck og Köln.

**Guido Schiefen** spilar á knéfiðluna. Hann byrjaði einnig ungur að læra á hljóðfæri; fiðlu, píanó og síðan knéfiðlu. Í tónlistarháskóla Kölnar innritaðist hann tólf ára gamall og var kennari hans Alwin Bauer.

Á tónleikunum á laugardaginn leikur Märkl-kvartettinn verk eftir Joseph Haydn, Wilhelm Kempff og Ludwig van Beethoven. Verkið


**21150-21370** LÁRUS Þ. VALDIMARSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI
EINAR ÞORISSON LONG, SÖLUMAÐUR
KRISTINN SIGURJÓNSSON, HRL. LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

Til sýnis og sölu auk annarra eigna:

**Í Ártúnsholti – næstum fullgert**

**Nýtt og glæsil. raðhús** á tveimur hæðum um 160 fm. **Góður** bílsk. Langtímalán um kr. 3 millj. þar af húsnlán kr. 2,2 millj.

**Nýtt steinhús við Jórusel**

**á tveimur hæðum** 104 + 108 fm með 6–7 herb. íb. **Íbhæft** næstum fullgert. Bílsk. 31,5 fm. Lóð að mestu frág. **Mikil og góð** langtímalán. **Skipti æskil.** á íb. í nágr. með 4 svefnherb.

**Í Smáíbúðahverfi – hagkvæm skipti**

**Mikið endurn.** steinhús um 80 + 65 fm auk kj. Bílskréttur. **Skipti mögul.** á nýl. 3ja herb. íb. í Heimum, Vogum eða Laugarnesi.

**Glæsilegt endaraðhús**

**á vinsælum** stað í Seljahverfi með 6 herb. íb. á tveimur hæðum. **Á jarðhæð** má gera litla suðuríb. **Góður** bílsk. Ræktuð lóð.

**Steinhús við Austurgerði**

**Vel byggt 20 ára** með innb. bílsk. Samtals 356,6 fm. Ný tvær íb. **Glæsil.** ræktuð lóð 914 fm. **Útsýnisst.**

**Í Suðurhlíðum – Kópavogs**

**Nýtt glæsil. einbhús** um 190 fm nettó. Innb. bílsk. **Útsýnisst.** Langtímalán **þar af húsnlán** kr. 3 millj.

**Bjóðum ennfremur til sölu við:**

**Dunhaga** 3ja herb. íb. á 3. hæð. Töluvert endurn. Föndurherb. í kj.
**Gautland** 4ra herb. íb. á 2. hæð. Sérhiti. Stórar sólsvalir.
**Ásbraut** 3ja herb. íb. Húsnlán kr. 2,5 millj. Verð kr. 4,7 millj.
**Stelkshóla** 4ra herb. íb. á 3. hæð. Ágæt sameign. Útsýnisst.
**Blesugróf** gott endurn. timburhús með 3ja herb. íb. Stór lóð.

**Að gefnu tilefni**

**orðsending** til viðskiptavina okkar: **Seljið ekki** ef útb. er lítil og/eða mikið skipt **nema samtímis** séu fest kaup á öðru húsnæði.

• • •

**Opið í dag skírdag frá kl. 10–16. Opið á laugardaginn á sama tíma. Gleðilega páska.**

**ALMENNA FASTEIGNASALAN**
**LAUGAVEGI 18 SÍMAR 21150-21370**



Morgunblaðið
Samstætt í hverfinu
Morgunblaðið


# Spádómarnir miklu

**Bækur**

Ævar R. Kvaran

**Spádómarnir miklu.**
**Höfundur: Guðmundur S. Jónasson.**
**Útg. Iðunn, Rvík. 1989.**

Spádómar, þ.e. hæfileikar til þess að geta skyggnst inní framtíðina, hafa lengi verið taldir óskiljanlegir okkur mönnunum. Enda beinlínis ekki í samræmi við það, sem okkur hefur verið kennt um tímann og eðli hans. Lengi vel trúðu því margir, ýmist að allir spádómar um framtíðina væru hrein hjátrú eða allar slíkar frásagnir væru ekkert annað er skrök og að engu hafandi. Nú er ekki lengur hægt að halda slíku fram nema viðurkenna með því algjöra blindu á sannleikann.

Sannanlegur hæfileiki til að geta séð ókomna atburði er það athyglisvert undur, að enginn þarf að undrast það, þótt slíkt veki mikla athygli og umtal. Þareð sá sem þetta hripar hefur árum saman verið heillaður af hvers konar rannsóknum ótrúlegra hæfileika, sem ýmsir hafa sýnt, er hann vitanlega ekki síður áhugamaður um þennan óskiljanlega hæfileika, að geta séð hið ókomna og hefur gegnum árin skrifað sitt af hverju um þessi áhugaverðu efni.

Það eru því mörg ár síðan sá, sem þetta skrifar, tók að rannsaka athyglisverðustu bók, sem um spádóma fjallar, nefnilega spádóma sjáandans mikla, Nostradamusar, sem hefur jafnvel verið kallaður „sagnfræðingur framtíðarinnar“, sökum spádóma sinna um ókomna sögu heimsins, sem ná framá þennan dag. Því enn eru sýnir hans að rætast og má nefna spádóma hans um stjórnarbreytingu í Sovétríkjunum og hrun kommúnismans, sem sagt var frá í fyrri bók Guðmundar, en nú hafa komið fram.

Já, Guðmundur S. Jónasson skrifaði nefnilega hina ágætustu bók um Nostradamus, sem bar nafnið Framtíðarsýnir sjáenda, sem vkati verðskuldaða hrifningu og seldist fyrsta prentun hennar upp á nokkrum dögum. Í þessari bók sýnir Guðmundur fleiri forræða spádóma sjáandans mikla og sviptir hulunni af fornum leyndardómum.

Þessi nýja bók, Spádómarnir miklu, er ekki síður áhrifamikill lestur en hin fyrri og tel ég að svo vel sé hér haldið á efni, að betur verði varla gert.

Um leið og Guðmundur S. Jónasson rekur hina stórkostlegu spádóma Nostradamusar segir hann í rauninni mannkynssöguna í stuttum frásögnum að nýju. Þetta er því afar skemmtileg bók aflestrar og feikna gagnlegur fróðleikur t.d. ungu fólki.

Talsvert er um tilvitnanir í þessari ágætu bók, bæði erlendra höfunda og Íslendinga. Það vill svo til að meðal þeirra er tilvitnun í orð þess, sem þetta hripar, því hann hefur skrifað talsvert um þessi mál, eins og að framan var minnst á.

Guðmundur S. Jónasson rekur í þessari bók sinni ýmsa fagra spádóma um framtíð Íslands, sem unun er að lesa. Þ. á m. eftir dr. Annie Besant, dr. Helga Péturs og þýskar og amerískar völvur og að lokum Adam Rutherford, sem endar frásögn sína með blessunarorðum til Íslands. Á eftir þeirri grein kemur svo tilvitnun í orð mín, sem ég ætla að leyfa mér að endurtaka hér, sökum þess að þau fela í sér nokkuð af heimspeki minni. Og hér koma þessi orð þá:

„Arfur okkar er ríkur og ber okkur skylda til að varðveita hann af skynsemi. Og vissulega væri það stórkostlegt af ættland okkar gæti orðið vitsmunaríki, uppeldisstaður mikilmenna og miðstöð andlegrar orku. En hvernig megum við vinna að undirbúningi svo stórkostlegrar framtíðar?

Ég hygg að einfaldast væri að byrja á sjalfum sér. Byrja á því að hreinsa til í eigin hugskoti; að gera sjálfan sig að betri manni. Mannkynið er ekkert annað en samsafn einstaklinga og allar andlegar framfarir þess hljóta að hefjast í brjósti einstaklingsins. Ef við í raun og veru viljum leggja eitthvað af mörkum til andlegrar framtíðar föðurlandsins, skulum við því byrja á sjálfum okkur. Við munum komast að raun um, að það er hverjum manni fullkomið dagsverk.“


**120 fm íbúðir til sölu**

Á veðursælum stað í Grafarvogi eru vel skipulagðar íbúðir til sölu. Góðar suðursvalir, stórar stofur og þvottahús á hæðinni. Bílskúr fylgir. Íbúðirnar seljast tilbúnar og sameign fullfrágengin.
Íbúðirnar verða til sýnis fullbúnar á næstu dögum.

**Örn Isebarn, byggingameistari, sími 31104.**